

Upplýsingalög nr. 50/1996 og skylda sveitarfélaga til að veita aðgang að upplýsingum

Á tímum sem þessum er gagnsæ stjórnsýsla, lýðræðislegir stjórnhættir og aukið aðhald með starfsemi stjórnvalda mjög mikilvægt. Það er forsenda opinna og upplýstrar umræðu að borgararnir geti fylgst með störfum stjórnvalda og nálgast upplýsingar úr stjórnkerfinu á einfaldan hátt.

Mikilvægt er að sveitarstjórnir, nefndir ráð og stjórnir sem heyra undir stjórnsýslu sveitarfélaga standi vel að skráningu og varðveislu upplýsinga og veiti almenningi aðgang að þeim upplýsingum sem ber að veita aðgang að sé þess óskað.

Skyldur stjórnvalda

Stjórnvöldum ber að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á skipulagðan hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg. Hið sama á við um munnlegar upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum málsins.

Ákvörðun um hvort aðgangur verði veittur að gögnum skal tekin svo fljótt sem verða má. Liggja slík ákvörðun ekki fyrir innan sjö daga frá móttöku beiðni skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta, sbr. 11. gr.

Aðgangur almennings að upplýsingum

Í 3. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að stjórnvöldum sé skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál ef eftir því er óskað. Stjórnvöldum er þó ekki skylt að útbúa ný skjöl eða gögn í þessu skyni. Þá er stjórnvöldum heimilt að veita aðgang að gögnum í ríkara mæli en kveðið er á um í 3. gr.

Stjórnvöldum er heimilt skv. 10. gr. laganna að fara fram á að beiðni um aðgang að gögnum sé skrifleg og komi jafnframt fram á eyðublaði sem það leggur til. Þá ber aðila sem óskar eftir aðgangi að gögnum tilgreina þau gögn máls sem hann óskar að kynna sér en jafnframt er heimilt að óska eftir að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál án þess að tilgreina sérstaklega hvaða gögn það eru.

Takmarkanir á upplýsingarétti

Almenningur á rétt á að fá upplýsingar að gögnum sem varða tiltekin mál en þó eru takmarkanir á upplýsingaréttinum tilgreindar í upplýsingalögunum. Undantekningarnar eru skýrt tilgreindar í 4. – 6. gr. laganna. Til dæmis er ekki skylt að veita aðgang að vinnuskjölum sem hafa orðið til við undirbúning mála sem rituð eru til eigin nota eða

gögnum sem varða umsóknir um störf en þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda að umsóknarfresti liðnum. Upplýsingaréttur getur verið takmarkaður vegna einkahagsmuna eða vegna þess að mikilvægir almannahagsmunir krefjast þess.

Rétt er að taka fram að lögin gera ráð fyrir því að heimilt sé að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en lögin segja til um, nema fyrirmæli um þagnarskyldu í öðrum lögum banni það.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er starfrækt á grundvelli V. kafla upplýsingalaga nr. 50/1996 til að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnvöldunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga. Valdsvið nefndarinnar nær til allrar stjórnvöldunefndarinnar án tillits til á hvaða stjórnvöldunefnd ákvörðun er tekin.

Mikilvægt er að hafa í huga að stjórnvöld sem synjar um aðgang að upplýsingum ber að leiðbeina um kærheimild enda er um að ræða stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnvöldunefndarinnar nr. 37/1993

Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir og verður ekki skotið annað innan stjórnvöldunefndarinnar. Þeir hafa því jafnframt fordæmisgildi fyrir önnur stjórnvöld og stuðla þannig að auknu samræmi í framkvæmd upplýsingalaganna. Úrskurðina er hægt að nálgast á heimasíðu nefndarinnar <http://ursk.forsaetisraduneyti.is/>.

Jana Friðfinnsdóttir